



LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI STEFNA UM MÁL OG LÆSI

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Þannig skilum við nemendum okkar vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi. Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýttist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.

Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis – og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða.

Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Framtíðarsýnin er mótuð út frá leiðarljósi þar sem sett eru fram fjögur markmið sem byggja á hlutverki foreldra í skólastarfi, stuðningi við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök (Læsisstefna Kópavogs).

Leikskólinn Álfaheiði setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við aðalnámskrá leikskóla og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Leikskólinn er jafnframt þátttakandi í þróunarverkefni á vegum Kópavogsbæjar undir handleiðslu Ásthildar B. Snorradóttur. Í verkefninu er unnið að handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun í málþroska barna.

Lífsmennt og læsi í öllu daglegu starfi

Börn læra best þegar þeim líður vel. Álfaheiði vinnur í anda námsefnisins Lífsmenntar sem byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og beinir athygli barnanna að jákvæðum lífsgildum. Álfaheiði leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi gildi: **virðingu, frið, kærleika, hugrekki, umburðarlyndi, þakklæti, ábyrgð og samvinnu**. Gildunum er fléttað, á fjölbreyttan hátt, inn í allt starf leikskólans með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. **Námsefnið** krefst þess að starfsmenn leikskólans tileinki sér gildin, því börn læra best það sem fyrir þeim er haft. Kennarar eru jafnframt hvattir til þess að byggja á ríkri menningararfleið sinni þegar námsefninu og gildunum er fléttað inn í daglegt starf og það hefur Álfaheiði haft að leiðarljósi.

Læsi, í víðum skilningi þess orðs, er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Hér er átt við talmál,

myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna sem hjálpa börnum að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Í leikskólanum læra börn félagslega færni, ný hugtök og fjölbreyttar leiðir til að **tjá tilfinningar sínar, skoðanir og líðan**. Börnin þurfa að tileinka sér reglur, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum, heima og í samfélaginu. Í leikskólanum fá þau tækifæri og stuðning til að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt. Unnið er með vináttuverkefni Barnaheilla sem byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið.

Lífsmenntastundir og samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna. Ýmis fræðsla tengd menningu, listum, Barnasáttmálanum, vináttu og gildunum fer þar fram. Lesnar eru sögur, sungið, rímað, klöppuð atkvæði, farið með þulur, farið í leiki, umræður, hugarflugsæfingar og jógaleiki. Fjallað er um heiti daga, mánaða, einnig er veðráttu og tíðarfar rætt í tengslum við árstíðirnar. Með hverju gildi eru íhugunaratriði sem skapaðar eru umræður um í barnahópnum og unnið er áfram með hugmyndir barnanna.

Málrækt fléttast inn í allt starf leikskólans og margvíslegar leiðir eru farnar til að efla málþroska barnanna. Námstækifærin eru ótakmörkuð í daglegum athöfnum s.s. í matartíma þar sem lögð er áhersla á almenna borðsiði, kurteisvenjur og skemmtilegar og fræðandi umræður eiga sér stað. Börnin taka jafnframt þátt í undirbúningi og frágangi borðhalds eins og geta þeirra og þroski leyfir. Það er eitt af fjölmörgum tækifærum til þess að kenna börnum m.a. afstöðuhugtök og stærðfræði. *Við setjum glasið fyrir ofan diskinn, hnífurinn fer, hægra megin, við hliðina á diskinum, hvað sitja mörg börn við borðið* og svo mætti lengi telja.

Markvissar leiðir í málrækt miðast við aldur og þroska barnanna og fara fram í öllu daglegu starfi, í leik, við lestur, sögugerð, myndsköpun og hreyfingu, auk þess sem ritmálið er mjög sýnilegt á öllum deildum. Hvert tækifæri er nýtt og orð eru sett á alla hluti og athafnir. Boðið er upp á fjölbreytt námsumhverfi og unnið markvisst með leiki og námsefni sem örvar hljóðkerfis- og málvitund barna.

Í Álfaheiði eru **sögustundir** þar sem lesið er fyrir öll börn í fámennum hópum á hverjum degi og oftast þegar tækifæri gefast.

Hlutverk kennara

- Kennarar eru góðar fyrirmyndir, tala skýra og rétta íslensku og nota fjölbreyttan orðaforða.
- Nota opnar spurningar svo barnið þurfi að tjá sig með setningum.
- Hlusta á börnin, grípa ekki fram í fyrir þeim eða svara fyrir þau.
- Ýta undir og styðja við málnotkun barnanna.
- Lesa vandaðar bækur miðað við aldur og þroska barnanna.
- Útskýra orð sem börnin þekkja ekki.
- Lesa og segja sögur.
- Hvetja börnin til að tjá tilfinningar og líðan, heilsa, kveðja og þakka fyrir sig.
- Hvetja börn og fullorðna til að setja orð á hluti og daglegar athafnir.

- Upplýsa börnin fyrirfram, með sjónrænum vísbendingum hvað stendur til daglegu starfi.
- Sækja sér endurmenntun og/eða kynna sér nýjungar í starfi, t.d. rannsóknir eða nýjungar hvað varðar kennsluefni.
- Kynna sér nýtt kennsluefni sem stuðlar að læsi.
- Miðla hugmyndum og styðja samstarfsmenn.
- Prófa sig áfram með mismunandi kennsluaðferðir og nýjungar í starfi.
- Vanda dagleg samskipti við foreldra.
- Upplýsa foreldra um verkefni deildarinnar.
- Skrifa á töflur við deildir það sem gert hefur verið dag hvern.
- Segja foreldrum frá starfinu í daglegum samskiptum eins og hægt er.
- Setja upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Hvetja foreldrar til að lesa fyrir börnin heima.

Hlutverk foreldra

Við upphaf leikskólagöngu barns er lagður hornsteinnur að samstarfi foreldra og starfsmanna. Lögð er áhersla á að samstarfið byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu, þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans og foreldrar beri traust til hvors annars, geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir börnunum til heilla.

Gott upplýsingastreymi bætir samstarfið og foreldrar eru virkir þátttakendur í starfi leikskólans. Þátttaka foreldra skiptir miklu máli. Í fyrsta samtali veita foreldrar leikskólanum mikilvægar upplýsingar um barn sitt. Foreldrum er boðið upp á foreldrasamtal einu sinni til tvisvar á ári þar sem rædd er líðan barns, nám og þroski. Jafnfram leitast leikskólinn við að veita foreldrum reglulega hagnýt ráð m.a. varðandi eflingu málþroska, uppeldi og lýðheilsu barna.

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag sem bæði gegna mikilvægu hlutverki.

Foreldrafélagið styður og styrkir það uppeldisstarf sem er unnið í leikskólanum og hefur skapast fyrir verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir ár hvert, má þar nefna leiksýningu, danskennslu, sveitaferð, bókaverðlaun eftir lestrarátak o.fl.

Foreldraráð er lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur um innihald, áherslur og skipulag leikskólastarfsins. Ráðið hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Lestrarátakið *Það er gaman að lesa* saman er tvisvar á ári í leikskólanum. Í nóvember erum við í samvinnu við Bókasafni Kópavogs. Börnin geta fengið bókasafnsbækur að láni í leikskólanum og foreldrar lesa með börnunum sínum heima. Að vori er átakið með öðru sniði en þá koma börnin með bækur að heiman sem lesnar eru í leikskólanum.

Bangsi í heimsókn -Tveir elstu árgangar skólans skiptast á að fara með bangsa heim og foreldrar vinna með börnum sínum verkefni m.a. um vináttu og nokkrar greinar Barnasáttmálans.

SOS styrktarbarn leikskólans - Börn, foreldrar og starfsfólk styrkja sameiginlega framfærslu Isabellu sem býr í SOS barnahorpi í Tanzaníu. Börnin eru frædd um hagi hennar og réttindi samkvæmt Barnasáttmálanum og einnig eru ótal önnur tækifæri sem gefast til að fjalla um Isabellu og flétta þeim saman við grunnþætti menntunar.

Mat og eftirlit

Í leikskólanum Álfaheiði eru ýmsar skimanir notaðar til að meta stöðu barna. Markmiðið er að sjá framfarir í daglegu starfi og grípa til viðeigandi ráðstafana ef þurfa þykir.

Foreldrar eru upplýstir um framgöngu barnsins síns í foreldrasamtölum. Rætt er um úrræði, hvað foreldrar geta gert og hvaða aðstoð er hægt að sækja. Höfð er samvinna við sérfræðing ef þörf er á. Eftirfarandi skimunarlistar eru notaðir til þess að skrá og meta málþroska barna í leikskólanum Álfaheiði:

TRAS, Athugun og skráning á málþroska barna í daglegu starfi, er framkvæmd tvisvar á ári með öllum börnum. 2-5 ára.


EFI-2 málþroskaskimun er framkvæmd með öllum börnum á fjórða ári en þar er verið að meta málskilning og máltjáningu. Foreldrum kynntar niðurstöður og unnið með þá þætti sem með þarf.

HLJÓM-2 er framkvæmd með elstu börnum en þar er verið að kanna hljóðkerfisvitund sem hefur m.a. annars forspárgildi um lestrarfærni. Foreldrar fá skrifleg skil á niðurstöðum ásamt leiðbeiningum um hvernig má styrkja ákveðna þætti.

Þegar grunur er um frávik í málþroska fylla foreldrar barna undir 3 ára út gátlistann **Orðaskil**. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

Sé talin þörf á aðkomu stoðþjónustu eru að auki fylltir út aðrir matslistar, sjá handbók um snemmtæka íhlutun.

Ferli snemmtækrar íhlutunar og mikilvægi ítarlegra bakrunnsupplýsinga frá foreldrum.



Samvinna við stofnanir og félagasamtök

Náið samstarf er við Álfhólsskóla. Markmið samstarfsins er að nám barna myndi samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Fastir þættir í samstarfinu eru gagnkvæmar heimsóknir, þátttaka í hátíðum og hefðum, fundir kennara, miðlun á upplýsingum og kynningar á milli skólastiga.

Niðurstöðum úr HLJÓM-2 er miðlað til grunnskólans að vori og grunnskólinn hefur miðlað niðurstöðum úr Lesferli, (matstæki sem metur grunnþætti læsis í fyrsta bekk) til leikskólans.

Samstarf er við Bókasafn Kópavogs í tengslum við bókaátakið en börnin fara einnig í heimsóknir og á námskeið um meðferð bóka hjá bókasafninu.

Leikskólabörnin sækja önnur menningarhús í Kópavogi og samvinna er m.a. við Barnaheill, SOS samtökin, Landvernd og fleiri félagasamtök.

Stoðþjónusta menntasviðs Kópavogi veitir þjónustu og ráðgjöf varðandi greiningar á frávikum í málþroska sem og almenna og sértæka málörvun leikskólabarna. Heimsóknir og ráðgjöf frá talmeinafræðingum barna í talþjálfun er unnin í góðri samvinnu við foreldra viðkomandi barna.